

Alþingi
Erindi nr. P 140/2189
komudagur 8.5.2012

Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Erla Erlendsdóttir [erlaerl@hi.is]

Sent: 8. maí 2012 21:45

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Ég undirrituð, Anna S. Egilsdóttir, er mótfallin því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel að það eigi frekar heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni við höfuðborgina og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Einnig má geta þess að mikill fjöldi ferðamanna kom á svæðið síðastliðið sumar (um 120 þús.).

Það er einfaldlega rangt - ef ekki galið - að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt er að ferðast um langan veg til að njóta óspilltrar náttúru. Náttúruvæði í nágrenni við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari en einmitt nú.

Eldvörp ættu einnig skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess má ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Anna S. Egilsdóttir (kt. 020536-2419)
Heiðmörk 62
810 Hveragrödi